

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026

Umsögn frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu við 1. mál á 157. löggjafarþingi

Undanfarin misseri hefur ítrekað verið sótt að alþjóðakerfinu og ýmissi alþjóðasamvinnu sem miðar að því að auka velsæld og öryggi fólks víða um heim. Ríki ganga jafnvel svo langt að draga í efa lögmæti alþjóðastofnana og hafa sum markvisst dregið úr stuðningi við þróunarsamvinnu. Við þessar aðstæður hafa íslensk stjórnvöld sýnt staðfestu og stuðning í verki. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að hækka framlög til þróunarsamvinnu að krónutölu sem getur þrýst á önnur ríki að gera betur.

Þrátt fyrir það ná framlög til þróunarsamvinnu ekki því markmiði sem Alþingi samþykkti með stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu fyrir tveimur árum.

Undirrituð frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu hvetja Alþingi til að bæta við framlög til þróunarsamvinnu fyrir afgreiðslu fjárlaga þannig að þau nái a.m.k. samþykktu markmiði um 0,40% af VPT fyrir árið 2026.

Ófullnægjandi markmið í stefnu um þróunarsamvinnu

Stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028 var samþykkt einróma á Alþingi 15. desember 2023. Hluti af þeirri stefnu er að framlög til þróunarsamvinnu myndu vaxa úr 0,35% í 0,46% af vergum þjóðartekjum á tímabilinu. Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu gagnrýndu að þessi hluti stefnunnar væri ófullnægjandi í umsögnum í samráðsgátt og til Alþingis. Taka samtökin undir ábendingar OECD DAC sem hefur lagt til að gerð verði tímasett áætlun um að ná opinberu 0,7% markmiði sem fyrst.

Þrátt fyrir ábendingar félagasamtakanna héldust markmið stefnunnar óbreytt í gegnum umsagnaferli samráðsgáttar og Alþingis.

Stefna um þróunarsamvinnu aldrei skilað sér í fjármögnun

Eins bagalegt og það er að ekki hafi náðst að setja inn í þróunarsamvinnustefnu skýra og tímasetta áætlun um að ná opinberu markmiði um 0,7% framlag til þróunarsamvinnu sem fyrst, þá er verulegt umhugsunarefni að þau markmið sem þó voru sett hafa aldrei náðst.

Aðeins fjórum mánuðum eftir að Alþingi samþykkti stefnu um þróunarsamvinnu lagði fjármálaráðherra fram fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029, þar sem markmið um framlög til þróunarsamvinnu voru strax brostin. Þar var gert ráð fyrir að þróunarsamvinna næði 0,42% árið 2029, ári eftir að þróunarsamvinnustefnan sagði að talan ætti að ná 0,46%.

Eins og sést á eftirfarandi yfirliti hafa markmið úr þróunarsamvinnustefnu aldrei legið til grundvallar við ákvörðun fjármagns til þróunarsamvinnu.

	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030
Þróunarsamvinnustefna	0,35	0,37	0,40	0,43	0,46		
Fjármálaáætlun 2025-29						0,42	
Fjárlög 2025		0,31*					
Fjármálaáætlun 2026-30		0,34					0,39
Fjárlagafrumvarp 2026			0,34				

Aukin framlög styðja við mannúð og öryggi á alþjóðavísu

Heildarfjárheimild til málaflokks 35 *Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands* mun skv. fjárlagafrumvarpi hækka um 1.362,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Því ber að fagna að á sama tíma og fjöldi ríkja er að stíga skref aftur á bak, með því að beinlínis draga úr framlögum til þróunarsamvinnu, þá sýni íslensk stjórnvöld stuðning við alþjóðakerfið og mannúðarmál með þessari aukningu. Sýnilegur og aukinn stuðningur við málaflokkinn skiptir miklu máli þegar sótt er að honum víða um heim. Það verður hins vegar ekki horft fram hjá því að skuldbindingar Íslands á þessu sviði miða ekki við krónutölu heldur eru þær reiknaðar sem hlutfall af vergum þjóðartekjum.

Á sama tíma og aukinn stuðningur er við varnartengd verkefni er gríðarlega mikilvægt að horft sé til stuðnings við þróunarsamvinnu sem hluta af umræðum um öryggis, lýðræðis,- og friðarmál.

Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu leggja til að við þinglega meðferð fjárlaga verði bætt við framlög til þróunarsamvinnu þannig að þau nái a.m.k. því 0,40% markmiði sem Alþingi samþykkti í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu að ætti að nást árið 2026.

Fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir að mæta á fund nefndarinnar til að gera nánar grein fyrir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

f.h. SOS Barnabörpönnu á Íslandi

Tóttla I. Sæmundsdóttir,
framkvæmdastjóri

Ragnar Schram,
framkvæmdastjóri

f.h. Hjálparstarfs kirkjunnar

f.h. UNICEF á Íslandi

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri

Birna Þórarinsdóttir,
framkvæmdastjóri

f.h. Rauða krossins á Íslandi

f.h. UN Women á Íslandi

Gísli Rafn Ólafsson,
framkvæmdastjóri

Stella Samúelsdóttir,
framkvæmdastjóri